

----- Forwarded message -----

From: **Hafrún Dóra Hafþórsdóttir** <hafrun_dora@icloud.com>

Date: Tue, Aug 4, 2026 at 12:38 PM

Subject: Ósk um úrbætur á hundasvæði

To: <umhverfis_og_skipulagsrad@vestmannaeyjar.is>

Kæra umhverfis- og skipulagsráð,

Sem hluti af hundasamfélaginu í Vestmannaeyjum og sem hundaeigandi langar mig að koma á framfæri áhyggjum mínum af núverandi hundasvæði bæjarins og óska eftir samtali um mögulegar úrbætur.

Að mínu mati er núverandi svæði ekki við hæfi sem hundasvæði. Þar skapast verulegt öryggisvandamál þar sem svæðið er opið og öll umferð leyfð þar í gegn, auk þess sem þar eru reglulega hestar og lausar kindur. Þá er svæðið einnig staðsett við brún sem liggur niður að sjó. Því miður hafa orðið of mörg tilvik þar sem þessar aðstæður hafa leitt til þess að hundar hafa farist.

Ég tel því mikilvægt að svæðið verði girt af til að auka öryggi bæði hunda og eigenda þeirra. Ég óska eftir því að bærinn skoði hvort hægt sé að nýta það fjármagn sem safnast hefur við skráningu hunda til kaupa á girðingu eða veita leyfi fyrir því að við (hundaeigendur í Vestmannaeyjum) með stuðningi samfélagsins, kaupum girðinguna sjálf. Við erum jafnframt tilbúin að sjá um uppsetningu hennar án endurgjalds til að halda kostnaði í lágmarki. Eftir að hafa skoðað mismunandi valmöguleika á girðingum, má gera ráð fyrir að kostnaður verði um 350.000kr til 450.000kr.

Ég vil einnig óska eftir upplýsingum um fyrirhugaða nýja staðsetningu hundasvæðisins, þar sem núverandi svæði sé orðið að vinnusvæði og fyrirhugað sé að grafa það allt upp. Margar tillögur hafa komið um nýtt svæði og er ég persónulega mest hrifin af Hrafnaklettum eða svæðinu fyrir ofan Eldheima.

En á meðan beðið er eftir nýju svæði tel ég mikilvægt að hægt sé að girða núverandi svæði af með færanlegri girðingu sem mætti síðan flytja yfir á nýja staðinn þegar hann verður samþykktur. Þannig nýtist fjárfestingin áfram og öryggi á svæðinu eykst strax.

Með virðingu og von um jákvæð viðbrögð,
Hafrún Dóra Hafþórsdóttir